

# KIRKJUGARÐARÁÐ

17. fundur haldinn mánudaginn 8.mars 2004  
kl. 14:00 í fundarsal Biskupsstofu.

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson og Kristín H. Sigurðardóttir í forföllum Margrétar Hallgrímsdóttur og ritaði hún fundargerð. Valtýr Valtýsson hafði boðað forföll.

**Gestir:** Jóhannes Ingibjartsson, Magnús Skúlason forstöðumaður Húsafriðunarnefndar og Guðmundur Þór Guðmundsson lögfræðingur. Jóhannes Ingibjartsson og Magnhildur Sigurbjörnsdóttir voru kölluð inn á fundinn í tengslum við umræður um aðstöðuhús fyrir kirkjur og kirkjugarða.

## 1. Setning fundar

Ragnhildur Benediktsdóttir formaður setti fundinn og bauð gesti velkomna.

## 2. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt fundargerðar síðasta fundar var frestað.

## 3. Aðstöðuhús fyrir kirkjur og kirkjugarða

Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti þá stefnu sem fylgt hefur verið varðandi aðstöðuhús fyrir kirkjur og kirkjugarða. Hann sagði frá tilrauna-verkefni sem þeir Hjörleifur Stefánsson höfðu haft forgöngu um varðandi stöðluð hús sem gengju við flestar aðstæður. Nefndi hann húsið í Haga í Holtum sem dæmi um gott lítið hús, en nokkuð dýra lausn fyrir litla söfnuði. Annars staðar hefði verið reynt að nýta það sem fyrir er, svo sem á Breiðabólstað, þar sem aðstöðuhúsið var reist á bílskúrsgrunni. Enn önnur aðferð væri að fella húsin inn í umhverfið, svo sem á Ingjaldshóli og Akureyri. Framkvæmdastjóri nefndi að tuttugu og sjö staðir væru farnir að huga að svona þjónustuhúsum.

Magnús Skúlason nefndi að staðlaðar lausnir hentuðu ekki alls staðar. Hann óskaði eftir að þjónustuhúsin kæmu til álit Húsafriðunarnefndar þegar um hús við friðaðar kirkjur væri að ræða. Magnús nefndi að ekki væru neinar ákveðnar reglur hjá Húsafriðunarnefnd um hvernig húsin eigi að vera. Það þurfi að fella þau að aðstæðum. Æskilegast fannst honum að laga þau svo að landslaginu að þau yrðu eins og hluti af því. En Kristín Huld vill vekja athygli á að það gæti stangast á við fornleifapátt þjóðminjalaga. Magnús nefndi að þótt kirkjur væru ekki friðaðar hefðu þær menningarsögulegt gildi, svo sem kirkjur Guðjóns Samúelssonar. Hann taldi því eðlilegt að þjónustuhús við slíkar kirkjur kæmu inn á borð Húsafriðunarnefndar. Magnús óskar eftir umsögn um allar kirkjur frá því fyrir 1940.

Guðmundur Þór Guðmundsson ítrekaði það sem fram kom á síðasta fundi að Jöfnunarsjóður kirkjugarða hefði skilyrt styrkveitingar sínar til þjónustuhúsa þannig að styrkur væri veittur ef tryggt væri að á móti kæmi styrkur frá Kirkjugarðaráði.

Unnið hefur verið að hugmyndum um skiptingu á greiðslu milli allra aðila, þ.e. sóknarnefndar, Jöfnunarsjóðs og Kirkjugarðaráðs.

Jóhannes Ingibjartsson kynnti tillögurnar um greiðsluskiptingu.

Þær byggjast á fjölda gjaldenda og er skipt í þrjá flokka:

- a) 50 gjaldendur og færri. Hér myndu sjóðirnir greiða fyrir lágmarkshús, sem yrði ca 6m<sup>2</sup>. Hvor greiddi 50%.
- b) 50-100 gjaldendur. Þar yrði gert ráð fyrir kostnaði við hús upp að 30m<sup>2</sup>. Söfnuður myndi greiða 40% kostnaðar og Jöfnunarsjóður/Kirkjugarðaráð 40/20 kostnaðar.
- c) 101-200 gjaldendur. Þar yrði samþykkt hús upp að 50-55m<sup>2</sup>. Söfnuður greiddi 50% og síðan Kirkjugarðasjóður og Jöfnunarsjóður 1:2.

Þórsteinn Ragnarsson nefndi hvort ekki væri ástæða til að taka sem viðmið hversu oft hefur verið grafið í garðinn undanfarin 10 ár. Hvort hann væri í notkun og hver nýtingin væri. Eins væri nauðsynlegt að taka tillit til þess hve lengi ætti að hirða garð eftir að hætt væri að grafa í hann.

Guðmundur Rafn hvatti til þess að gerður yrði bæklingur eða handbók með gátlista sem umsækjendur gætu stuðst við. Yrði bæklingurinn unninn fyrir Jöfnunarsjóð, Kirkjugarðaráð og Húsafriðunarnefnd. Magnús kom með tillögur að efni, svo sem að kynna í bæklingnum reynsluhús þar sem vel hefur tekist til.

Smári Sigurðsson óskaði eftir að vita hvort til stæði að greiðsluskiptingin sem kynnt var á fundinum ætti við ef kirkjugarður og kirkja eru ekki í nálægð hvort við annað. Svo er ekki, við þær aðstæður greiðir Kirkjugarðasjóður ekki fyrir þjónustuhúsið.

Miklar umræður voru um hvernig verkferli umsóknarinnar ætti að vera og nauðsyn þess að það yrði markvisst. Nefndarmenn í Kirkjugarðaráði vildu athuga greiðsluhlutfallið betur. Þeir töldu hugmyndafræðina góða, en greiðsluhlutfallið hátt. Þeir telja eðlilegra að Kirkjugarðaráð greiði aldrei meira en 25%.

Var ákveðið að endurskoða greiðsluhlutföllin fyrir næsta fund eftir úthlutunarfundinn. Þá var ákveðið að skýra betur fyrir þann fund verklagsreglur varðandi umsóknirnar og eins að móta betur samstarfið varðandi bæklinginn.

Ákveðið var að framkvæmdastjóri mótaði tillögur fyrir þann fund að umsóknarreglum sem Kirkjugarðaráð getur síðan stuðst við. Reglurnar ættu að taka mið af gjaldamódeli Kirkjugarðaráðs. Framkvæmdastjóri skyldi senda þær út og fá viðbrögð frá öllum.

Formaður kynnti þá tillögu sína hvort nokkuð væri að því að hafa úthlutun Kirkjugarðaráðs frekar í desember en í apríl. Ráðið myndi úthluta núna í apríl fyrir 2004, en síðan yrði úthlutað í desember fyrir 2005. Það væri æskilegt, svo framkvæmdaaðilar vissu fyrr úr hvaða fjármagni þeir hefðu að spila. Ráðsmenn voru sammála um að samþykkja tillöguna.

#### **4. Greinargerð um framtíðarhlutverk og rekstur KGSÍ**

Fulltrúar KGSÍ eru að óska eftir samstarfssamningi til eins árs til að byrja með.

Valtýr Valtýsson hafði óskað eftir að kostnaður yrði sundurgreindur í fastan kostnað og átaksverkefni, og var það gert fyrir þennan fund. Þau boð komu á fundinn að hann hefði engar athugasemdir við greinargerðina. Þórsteinn Ragnarsson kynnti þá tillögu sína að varamenn hans og Smára kæmu á fundinn þegar fjallað yrði um umsókn KGSÍ til Kirkjugarðaráðs. Smári taldi nauðsynlegt að kalla inn varamenn þar sem um 7 millj. kr. umsókn væri að ræða. Formaður nefndi að hjá Kirkjuráði vildu þeir hafa fullskipaða nefnd þegar um háa upphæð er að ræða. Rætt var um hvort nauðsynlegt yrði að hafa aukafund vegna þessa máls.

Niðurstaða umræðnanna varð sú að það nægði að Ragnhildur, Valtýr og fundarritari væru á fundinum og tækju afstöðu til málsins.

#### **5. Erindi vegna heimagrafreits á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði**

Kynnt var á fundinum erindi þar sem sótt er um að taka niður girðingu og slétta kirkjugarðinn. Ráðsmenn voru ekki sammála um nauðsyn þess að slétta garðinn. Niðurstaðan varð sú að veita leyfið. Framkvæmdastjóri gerði það að tillögu sinni að reistur verði bautasteinn með nöfnum þeirra sem liggja í garðinum og mun hann ræða við aðstandendur um það mál. Guðmundur Rafn ætlar að hitta aðstandendur í vor og ákveða þá hvað á að gera.

#### **6. Næsti fundur**

Ákveðið var að næsti fundur, sem er úthlutunarfundur, yrði 15. apríl og hæfist kl. 10.00.

#### **7. Önnur mál**

Þórsteinn Ragnarsson nefndi að óskað hefði verið eftir við hann að tekin yrði gröf í heimagrafreit þar sem fyrrum stóð bærinn Gröf í Grafarholti. Ráðið sá ekkert athugavert við að grafið verði þar og að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma sjái um að taka gröfina.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:25.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari